Árni Thorsteinson
Notarius publicus og bæjar-
fógeti í Reykjavík, samt land-
fógeti á Íslandi,

Gjörir vitanlegt: að hjónin fyrrum yfirkennari Björn Gunnlögsen og kona hans Guðlög Aradóttir Gunnlögsen – er jeg bæði þekki persónulega – í minni nærveru hafa viðkannast, hið fyrrnefnda með eigin hendi að hafa undirskrifað og hið síðarnefnda með handsali að hafa látið undirskrifa framanritað testamenti, hvers innihald þau hvort um sig, eptir að það var fyrir þeim upplesið, viðkönnudust með frjálsu ráði og óskertri skynsemi, að innihjeldi þeirra síðasta vilja í allan máta.

Í nærveru Notarialvotta { H. Arnesens / P. Jónassonar

Notarialskrifstofu Reykjavíkur kaupstaðar,
hinn 14. November 1872

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Notarialvottar
H. Arnason.
Pjetur Jónasson.

A. Thorsteinson.
L. S.

Borgun 80 sk.
áttatíu skild. r. m.
borgað
A. Thorsteinson.

Sýnt í skiptarjetti Reykjavíkur 23. Apríl 1873.
A. Thorsteinson.

þareð við hjón, Björn Gunnlögsen, fyrrverandi Yfirkennari við Reykjavíkur lærða skóla og eg Guðlaug Aradóttir Gunnlögsen engan lífserfingja eigum saman, en eg Björn Gunnlögsen eina einustu dóttur frá fyrra hjónabandi, sem er Frú Ólöf ekkja eptir Rector sáluga Jens Sigurðsson, sem forsjóninni hefir þóknast að burtkalla svo sorglega frá henni með mörgum börnum og frá okkur á okkar elliárum, og með því að ofanteð Frú Ólöf Björnsdóttir hefir lofað, að ala önn fyrir hvorju því okkar hjóna, sem lengur lifir til dánardægurs, á okkar elliárum, er við svo mjög við þurfum dótturlegrar umönnunar við, og enga aðra eigum að hjer nærlendis, er geti veitt oss aðstoð, þá er það vor sameiginlegur síðasti vilji, að, einsog ofantjeð Frú Ólöf Björnsdóttir er minn Björns Gunnlögsens einasti lífserfingi, svo skuli hún og samkvæmt þessu mínu Testamenti, er eg Frú Guðlaug Aradóttir Gunnlögsen hérmeð gjöri eptir nákvæma yfirvegun með fullu ráði og ókerttri skynsemi, vera minn undirskrifaðrar Guðlaugar Aradóttur Gunnlögsen einasti erfingi, og Frú Ólöfu Björnsdóttur því tilfalla allar eigur mínar eptir minn dag, að engu undanskildu, án þess að nokkur af útörfum mínum Frú Guðlaugar Aradóttir Gunnlögsen geti þartil gjört nokkurt tilkall.

Er það svo hérmeð síðasti vilji vor hjóna, að Frú Ólöf Björnsdóttir skuli þannig við fráfall vort lögum samkvæmt sem lífserfingi, og, eptir þessari skrá, sem testamentariskur erfingi verða vor einasti erfingi og henni tilfalla okkar hjóna sameiginlega bú, án þess að nokkur annar eða útarfar geti þartil gjört tilkall.

Reykjavík þann 14 November 1872.

B. Gunnlaugsson.
Guðlög Aradóttir.